

Nr. 19-062 S 046 Haukur HF 50***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 1269
 Útgerð: Sjótaekni ehf
 Smíðaður: Bátalón, 1972, stál.
 Stærð: 69,20 bt. 58,11 brl.
 Mesta lengd: 21,93 m Skráð lengd: 19,63 m
 Breidd: 4,80 m Dýpt: 2,45 m
 Vél: Caterpillar 249 kW, 1998.
 Fjöldi skipverja: 3



Haukur©Sigurður Bergþórsson

Gögn:

Gögn RNSA
 Lögregluskýrsla

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 3. febrúar 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 23. janúar 2019 var Haukur HF 50 við föðurgjöf á Dýrafirði. Veður: A 1-2 m/s. Hægur sjór.

Skipið var bundið við fiskeldiskví. Þegar skipverji var að losa skipið að framan klemmdist hann illa á fingri milli tógsins og lunningar þegar hreyfing kom á skipið. Langatöng vinstri handar klemmdist það illa að það klipptist framan af fingrinum. Siglt var með slasaða til Þingeyrar.



Myndin sýnir pollann á lunningu skipsins

Við rannsókn kom fram:

- að búið var að rafsjóða heimatilbúinn polla á lunninguna (*sjá mynd*) til þessa að taka festitóg frá kvíunum og halda skipinu að á þremur stöðum;
- að skipverjinn var að reyna að ná slaka á tógið til að losa af á einum þeirra þar sem auga, sem var á enda tógsins, var fast inn á pollanum;
- að notað var festitóg úr næloni á kvíarnar 16 til 20 mm þykkt.

Nefndarálit:

Orsök slyssins má rekja til þess að festipollinn var varhugaverður.